



# Ársskýrsla SOS Barnaporpanna 2019



SOS  
BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili





## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Frá framkvæmdastjóra .....	4
Fjáröflun .....	5
Þrjónaði 57 lopapeysur .....	6
Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir .....	8
Fjölskylduvinir .....	9
Mánaðarlegir styrktaraðilar .....	10
2.400 krónur á viku framfleyta fjölskyldunni .....	11
Mannúðar- og neyðarverkefni .....	13
Sólblómaleikskólar .....	14
Öðruvísi jóladagatal .....	14
Fjármál .....	15
SOS á Íslandi .....	16
Svala var sjálfboðaliði í Nepal .....	17

© SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1, 200 Kópavogi  
Sími: 564-2910  
Netfang: [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is)

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason  
Tölulegar upplýsingar: Rakel Lind Hauksdóttir  
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaþorpin á Íslandi  
Umbrot og hönnun: [iSpeculate.net](http://iSpeculate.net) - Halldór Elías Guðmundsson



## Inngangur

SOS Barnaþorpin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949 af Hermanni Gmeiner. Hann kynntist hörmungum stríðsins sem hermaður og við stríðslok blasti við honum mikill fjöldi munaðarlausra barna sem hann vildi koma til hjálpar. Í kjölfarið stofnaði hann SOS-Kinderdorf, SOS Barnaþorpin, sem hafa útbreitt starfsemi sína svo um munar á þessum 70 árum og eru í dag ein stærstu barnahjálparsamtök heims.

Frá stofnari SOS Barnaþorpanna árið 1949 er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna. Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir SOS Barnaþorpin hafa samtökin með beinum hætti hjálpað fjórum milljónum barna í 70 ára sögu sinni og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðra kynslóð barna sem nýtur góðs af starfi samtakanna.

Allt frá upphafi hafa samtökin reist húsaþyrpingar (barnaþorp) þar sem börnin eignast heimili með SOS-foreldrum og systkinum. Undanfarin ár hafa nýjar útgáfur af barnaþorpum litið dagsins ljós, t.d. þar sem „barnaþorpið“ samanstendur af húsum strjálbýlt eða jafnvel blokkaríbúðum innan um aðrar fjölskyldur. Börnunum eru búnar eins heimilislegar og fjölskylduvænar aðstæður og nokkur kostur er miðað við aðstæður á hverjum stað. Börnin fá öllum grunnþörfum sínum mætt og njóta menntunar sem undirbýr þau fyrir sjálfstætt líf á fullorðinsárum.

Starfsemi SOS Barnaþorpanna er í 136 löndum, þar af eru 126 lönd með barnahjálparstarfsemi en 10 lönd, Ísland þeirra á meðal, sinna eingöngu fjáröflun fyrir önnur lönd. SOS Barnaþorpin eru alls 541 talsins og hefur þeim fækkað lítillega sl. 2 ár en það kemur til vegna fjölbreyttari úrræða við umönnun barnanna. Aðstoð samtakanna náði til 1.233.600 einstaklinga árið 2019 sem er 13,6% aukning frá árinu áður.

Auk reksturs barnaþorpa um allan heim standa SOS Barnaþorpin fyrir umfangsmiklu forvarnarstarfi sem kallast Fjölskylduefling SOS. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar eru illa staddar barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. Markmiðið er að börnum líði vel og að koma í veg fyrir aðskilnað þeirra og foreldra.

Þá reka samtökin fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila og heilsugæslustöðva auk þess að sinna mannúðar- og neyðaraðstoð. SOS Barnaþorpin eru grasrótarsamtök, starfa óháð trúarbrögðum og stjórnmálum og eru ekki hluti af Sameinuðu þjóðunum eða öðrum alþjóðastofnunum.

SOS Barnaþorpin á Íslandi voru stofnuð árið 1989 og var Ulla Magnússon fyrsti formaður og framkvæmdastjóri samtakanna. Íslendingar styrktu í lok árs 2019 samtals 427 barnaþorp í 107 löndum.



## Frá framkvæmdastjóra

Í síðustu ársskýrslu minntist ég á það að á seinni hluta ársins 2018 hefðu landsmenn skyndilega átt erfiðara með að taka á sig mánaðarlegan stuðning við góð málefni. Þrátt fyrir gríðarlegan stuðning og velvilja almennings á árinu hélt sú þróun áfram og fækkaði mánaðarlegum styrktaraðilum áfram á árinu 2019. Sumir ákváðu þó að styðja samtökin með frjálsum framlögum í stað mánaðarlegra.



**Ragnar Schram,  
framkvæmdastjóri SOS  
Barnaþorpanna á Íslandi.**

Þrátt fyrir örlítinn samdrátt í framlögum einstaklinga fundum við fyrir gríðarlegum stuðningi og velvild landsmanna á árinu. Um 25.000 manns lögðu SOS Barnaþorpunum lið og námu heildarframlög og tekjur 667 milljónum króna. Af þeirri upphæð munum við senda 84,2% úr landi til þeirra barna, þorpa og verkefna sem styrktaraðilar og stjórn samtakanna hafa ákveðið að styðja. Af fyrrnefndri fjárhæð voru 15,8% nýtt til þess að halda úti starfsemi okkar hér á landi, þ.e.a.s. að þjónusta styrktaraðila og afla fjár.

Hér í þessari ársskýrslu gefur að líta nokkrar tölur úr ársreikningi samtakanna, en ársreikningurinn í heild sinni er birtur á vefsíðu okkar [www.sos.is](http://www.sos.is). Vil ég skora á fleiri hjálparsamtök að birta ársreikninga sína opinberlega, enda mikilvæg gögn til að byggja upp traust og stuðla að gegnsæi.

Óskir þú enn frekari upplýsinga en fram koma í ársskýrslu og ársreikningum er þér alltaf velkomið að hafa samband við okkur á skrifstofu samtakanna í síma 564 2910 eða í netfangið [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is). Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin.

Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi





## Starf SOS Barnabörpanna



### Fjáröflun – 6,4% hækkun framlaga

Framlög ársins 2019 hækkuðu um 6,4% frá fyrra ári og stafar sú hækkun af auknu opinberu framlagi til verkefna en SOS Barnabörpin hafa tekið að sér fjögur verkefni með styrk frá utanríkisráðuneytinu.

Mánaðarlegum styrktaraðilum fækkaði örlítið milli ára og að sama skapi fækkaði þeim sem gefa stök framlög töluvert. Rekstur samtakanna er að langmestu leyti byggður á frjálsum framlögum og er það almenningur sem leggur mest til starfsins eða 78,6% af heildarframlögum sem námu samtals 667 milljónum króna að meðtöldum fjármagnstekjum. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá styrktarforeldrum og barnabörpsvinum og sendum við þau til barnabörpa í 107 löndum.

### 842 krónur af hverjum eitt þúsund fara í hjálparstarfið

Við gerum okkur grein fyrir því að svona stuðningur er ekki sjálfgefinn og því er þakklæti okkur efst í huga. Það skiptir okkur miklu máli að sem stærstur hluti framlaganna skili sér til þeirra sem þurfa á hjálp okkar að halda. Við getum því með mikilli ánægju sagt frá

því að af heildarframlagi ársins 2019 verður 84,2% varið í hjálparstarf. Rekstrarkostnaður á árinu var aðeins 15,8% sem þýðir að okkur tekst að láta 842 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi renna í sjálft hjálparstarfið. Á árinu 2019 fór stærsti hluti þess, eða 77,6% af heildarframlögum úr landi til aðstoðar við skjólstaðinga SOS Barnabörpanna en í árslok 2019 átti eftir að ráðstafa 6,6% af heildarframlagi í verkefni eða annað hjálparstarf.

Í fátækari ríkjum heims geta 1.000 krónur verið mjög há upphæð og þar af leiðandi vitum við að framlög okkar Íslendinga margfaldast í starfinu í þessum ríkjum. Þess vegna er mikilvægt að árétta að hver króna skiptir máli.

Þrátt fyrir að landsmenn hafi haldið að sér höndum á árinu 2019 gekk reksturinn vel. Rúmlega 25 þúsund einstaklingar styrktu samtökin á árinu og þar af rúmlega 10.500 manns mánaðarlega. Sem fyrr voru stök framlög eins og valkröfur stór hluti heildarframlaga auk sölu á jóla-, minningar- og gjafakortum. Börn styrktu okkur með ágóða af hlutaveltum sem þau héldu eða öðrum fjáröflunarleiðum og það gleður okkuð mikið að sjá að æska landsins lætur sig varða börn úti í heimi í erfiðum aðstæðum.



## Prjónaði 57 lopapeysur fyrir barnapörp í Rúmeníu

Góðmennska íslenskra velunnara SOS Barnapörpanna virðist ekki eiga sér nein takmörk. Þessu verðum við vitni að reglulega í samskiptum okkar við styrktaraðila sem t.d. færa SOS börnum sínum gjafir við hin ýmsu tilefni eða leggja til fjárhæðir í stökum framlögum í þágu umkomulausra barna. Óhætt er að segja að Guðrún Kristinsdóttir, kennari á Húsavík, hafi farið ótroðnar slóðir í þessum efnum.

Guðrún og eiginmaður hennar styrkja 17 ára stúlku, Cosminu, í SOS barnapörpi í Rúmeníu og prýðir rammi með mynd af henni vegg á heimili þeirra innan um myndir af fjölskyldumeðlimum. Guðrún talar um Cosminu sem fóstursystur barna sinna. Í bréfi sem Cosmina skrifaði þeim um jólin 2018 talaði hún um hversu kalt væri í Rúmeníu og þá datt Guðrúnu í hug að prjóna á hana lopapeysu. Guðrún vildi hins vegar ekki skilja neinn eftir útundan og sló til og prjónaði lopapeysur á öll börnin og starfsfólk í barnapörpinu.



„Þá fór ég að hugsa að ég gæti kannski gert eitt stórt góðverk á ævinni. Svo varð ég líka að finna mér eitthvað verkefni. Ég var að hætta sem formaður Völsungs eftir sjö ár. Maður verður að hafa eitthvað að gera,“ sagði Guðrún þegar hún kom og afhenti lopapeysurnar á skrifstofu SOS Barnapörpanna.

### 35 sólarhringar af prjónamennsku

Eftir bréfið frá Cosminu setti Guðrún sig í samband við SOS á Íslandi sem fékk upplýsingar um peysustærðir allra í þörpinu og hófst hún handa við prjónamenskuna þann 6. febrúar. Í lok nóvember hafði hún með smá aðstoð







prjónað 57 lopapeysur sem sendar voru til barnþorpsins í Rúmeníu um miðjan desember.

„Ætli það hafi ekki verið svona 12 peysur sem ég fékk aðstoð við að prjóna hjá vinum, samstarfsfólki og fjölskyldu. Tíminn sem fór í þetta voru samtals 35 sólarhringar í klukkustundum talið. Svo var mér gefinn lopi og ég fékk líka góðan afslátt sem ég er afskaplega þakklát fyrir.“

Skemmst er frá því að segja að þessi hlýlega jólagjöf frá Íslandi sló rækilega í gegn, bæði í Rúmeníu og hérlendis og var í tvígang fjallað um framtakið í sjónvarpsfréttum RÚV. Fyrst þegar Guðrún var komin langt á veg með að prjóna peysurnar og svo þegar börn og starfsfólk þorpsins tóku á móti peysunum skömmu fyrir jólin 2019.



## Vettlingar næst

Guðrún átti afgang af lópanum og hún íhugar að munda prjónana aftur fyrir barnþorpið. „Ég hugsa að ég prjóni vettlinga næst. Ætli þeir fari ekki út til Rúmeníu að ári,“ bætti Guðrún við að lokum.







## Styrktarforeldrar

Mánaðarlegir styrktaraðilar<sup>1</sup> voru 10.521 í árslok og fækkaði þeim um 371 frá fyrra ári. Styrktarforeldrar greiða mánaðarlega upphæð sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili sem samtökin hafa byggt. Íslenskir styrktarforeldrar voru 8.494 í árslok og fækkaði þeim um 425 milli ára. Framlag styrktarforeldra fer í framfærslu og velferð barnsins. Styrktarforeldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma fyrirtæki á laggirnar. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum styrktarforeldrum á árinu var rúmar 10,3 milljónir króna.

Börnin sem eiga styrktarforeldra búa í SOS barnþorpum. Þau fara í skóla og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar

fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta.

Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS foreldrið sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-foreldrið sér um að börnin búi við öryggi og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökin hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

## Barnaþorpsvinir

Einnig er hægt að vera barnaþorpsvinur og er þá eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi styrkt með mánaðarlegu framlagi. Barnaþorpsvinir voru alls 613 í lok ársins og fækkar um 42 á milli ára. Þeir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Framlag Barnaþorpsvina fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa.

<sup>1</sup> Mánaðarlegir styrktaraðilar samanstanda af styrktarforeldrum, barnaþorpsvinum og fjölskylduvinum.





## Fjölskylduvinir

Fjölskylduefling er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem hraðast vex og er hún fjármögnuð af SOS-fjölskylduvinum sem styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali. SOS-fjölskylduvinum fjölgaði um 7,3% á árinu og var fjöldi þeirra orðinn 1.414 í árslok. Árið 2019 voru heildarframlög íslenskra fjölskylduvinna rúmlega 18 milljónir króna og hækkuðu þau lítilega milli ára. SOS Barnaþorpin líta svo á að best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð. Markmið fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína.

### Eþíópía

Í febrúar árið 2018 hófst fjölskyldueflingarverkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar út árið 2021 á svokölluðu Tulu Moye svæði í Eþíópíu. Það er í nærri þriggja klukkustunda akstursfjarlægð suður af höfuðborginni Addis Ababa í bæjarfélögunum Iteya og Teromoye. Þar er mikil fátækt og felst verkefnið í að styðja yfir 560 barnafjölskyldur í sárafatækt til sjálfbærni, m.a. með mataraðstoð, bættri heilbrigðisþjónustu, stuðningi við menntun, uppeldisþjálfun, betra aðgengi að vatni,



Móðir og tvö börn hennar sem eru skjólstæðingar Fjölskyldueflingar okkar í Eþíópíu.

fjármálaráðgjöf og aðgengi að lánnum á lágum vöxtum svo dæmi séu tekin. Yfir 1600 börn, ungmenni og foreldrar þeirra eru í þessum fjölskyldum og gengur verkefnið vonum framár. Skólasókn barnanna hefur rokið upp, stofnaðir voru forskólar fyrir 4-6 ára börn, dregið hefur úr vannæringu barna og fjölskyldurnar eru mun meðvitaðri um mikilvægi menntunar, kynjajafnrétti og meðferð fjármuna svo dæmi séu tekin. Verkefnið var styrkt af Utanríkisráðuneytinu um 67,6 milljónir króna. Heildarkostnaður við verkefnið er um 89 milljónir króna miðað við Evrugengi í lok árs 2017.

### Perú

Annað fjölskyldueflingarverkefni sem SOS á Íslandi fjármagnaði á árinu 2019 er í Callao í Perú. Ábyrgð á því verkefni er í höndum SOS Barnaþorpanna í Noregi en með stuðningi SOS á Íslandi sem lauk formlega í árslok 2019. Samhliða því að aðstoða fjölskyldur úr fátækt snýst verkefnið líka um að fræða fjölskyldur en þó aðallega unga drengi og karlmenn um að ofbeldi sé ekki eðlileg samskiptaleið í sambúð og hjónabandi. Ofbeldi inni á heimilum í Perú er inngróið í menningu þar í landi og eitt mikilvægasta hlutverk SOS Barnaþorpanna er að breyta þeim hugsunarhætti fólks. Samtökin halda námskeið til að kenna samskipti án ofbeldis og ræða ólík hlutverk kynjanna og samskipti við börn. Hér er þekkingarleysi um að kenna og arfleifð sem kynslóðir hafa lært hver af annarri og er unnið að bótum á.



Í stað þess að borga 35 krónur fyrir rútuferð fara íbúar Teromoye fótgangandi með nautgripi sína eftir nauðsynjavörum til Iteya.



Á myndinni er Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS á Íslandi, ásamt sjálfboðaliðum Fjölskylduefingar á Filippseyjum. Ragnar gerði fyrstu úttektina á verkefninu í nóvember.

## Filippseyjar

Fjölskylduefing okkar á Filippseyjum hófst í apríl og er þriggja ára verkefni sem kosta mun samtals um 60 milljónir króna á þremur árum. Um 1.800 börn og sárafátækir foreldrar þeirra fá sérsniðna aðstoð til að draga úr líkunum á að fjölskyldurnar sundrist vegna fátæktar. Auk þess styðjum við samfélagið á verkefnastöðunum tveimur, Tacloban og Calbayog, almennt til að sinna málefnum barna og barnafjölskyldna betur, t.d. með því að endurmennta kennara og með fræðslu um réttindi barna.

Nærri 13 milljónir af 38 milljónum barna á Filippseyjum eru í fjölskyldum sem lifa undir fátæktarmörkum eða yfir 30% barnafjölskyldna. Fátæktin gerir börn sérstaklega berskjölduð fyrir ógnum af ýmsu tagi og til að mynda er áætlað að um 300 þúsund börn séu fórnarlömb mansals.

Verkefnið er að fullu fjármagnað af Íslendingum og kemur 80% kostnaðar frá Utanríkisráðuneytinu. 20% kostnaðar er svo fjármagnaður með framlögum fjölskylduvina ásamt frjálsum framlögum héðan. Þessi aðkoma okkar Íslendinga leggur þá ábyrgð á okkar herðar að fylgjast náið með framkvæmd verkefnisins og að það sé unnið í samræmi við áætlanir.



Ragnar ásamt fjölskyldu í Tacloban. Eiginmaðurinn var fjarstaddur. Pau eiga fjögur börn og mánaðarlegar tekjur af óreglulegri vinnu mannsins eru innan við 5.000 krónur á mánuði.





## 2.400 krónur á viku framfleyta fjölskyldunni

Zamzan og eiginmaður hennar Mahamad búa ásamt þremur börnum sínum í litlu hrörlegu húsi í hinu afskekktu þorpi Teromoye í Eþíópíu. Þau eru meðal skjólstæðinga í fjölskylduefningunni sem SOS á Íslandi fjármagnar.

### Áttu ekki fyrir mat

Áður en Zamzan og Mahamad fengu aðstoðina frá SOS höfðu þau varla efni á mat fyrir börnin en það hefur breyst núna. Þau nýttu sér möguleika verkefnis á að taka lán á lágum vöxtum til að koma af stað litlum rekstri sem aflar fjölskyldunni tekna. Hjónin kaupa korn í heildsölu og selja það á markaði sem aflar fjölskyldunni tekna upp á 800 krónur á dag, þrisvar í viku. Þessi upphæð er ekki há á íslenskan mælikvarða en hún getur fleytt fólki talsvert lengra á þessu svæði í Eþíópíu. Til að setja það í samhengi þá kostar hálf tíma löng rútuferð til lteya 35 krónur aðra leið. Þangað þurfa íbúar Teromoye reglulega að sækja vörur og þjónustu.

### Fengu fræðslu um barnaupveldi

„SOS hefur útvegað okkur ýmsar nauðsynjar eins og skólagögn fyrir börnin, fatnað, korn til að selja á markaðnum og líka kennslu í barnaupveldi. Við



Tadese Abebe framkvæmdastjóri verkefnis fjölskylduefningar SOS í Tulu Moey, Ragnarí framkvæmdastjóra og Hans Steinari upplýsingafulltrúa.



Zamzan og eiginmaður hennar Mahamad eru meðal skjólstæðinga í fjölskylduefningunni sem SOS á Íslandi fjármagnar.

lærðum t.d. að við eigum ekki að beita harðræði til að aga börnin okkar til. Það eru til margar aðrar leiðir,“ sagði Zamzan í viðtali við Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúa SOS í vettvangsferð til Tulu Moye svæðisins í febrúar 2019.

### Sérþjálfað starfsfólk

SOS Barnaþorpin hafa þjálfað starfsfólk í að hjálpa þessum fjölskyldum í Tulu Moye og felst verkefnið m.a. í að styðja þær til sjálfbærni. Áhersla er lögð á börnin fá menntun, fjölskyldur fá faglega aðstoð við að auka tekjumöguleika sína, meðal annars með námskeiðum í rekstrarháttum og fjármálalæsi. Þá er þeim gert kleift að taka lán á lágum vöxtum til að eiga fyrir grunnþörfum barnanna. Reikna má með að þessar fjölskyldur muni með aðstoð fjölskylduefningar SOS komast á réttan kjöl á verkefnistímanum.

### Í fjötrum fátæktar

Tadese Abebe, framkvæmdastjóri verkefnis fjölskylduefningar SOS í Tulu Moey, segir að stærsta ástæðan fyrir fátækt fjölskyldna á svæðinu sé skortur á menntun. „Flestar fjölskyldurnar eru í þessari stöðu vegna þess að foreldrarnir eru ólæsir, óskrifandi og lítið menntaðir.“




## 4% fækkun mánaðarlegra styrktaraðila

Stuðningur Íslendinga við umkomulaus börn í gegnum SOS Barnaþorpin er eftirtektarverður erlendis og vegna þess fyllumst við miklu stolti og þakklæti. Þrátt fyrir mikinn stuðning hefur SOS-foreldrum hér á landi fækkað lítillega á árinu en þörfin fyrir stuðningi við fjölda barna er áfram mikil. Þriðja árið í röð eru mánaðarlegir styrktaraðilar fleiri en tíu þúsund þó þeim fækki lítillega frá árinu 2018. Styrktarforeldrum og Barnaþorpsvinum fækkar samtals um 467 en fjölskylduvinum fjölgar um 33.

### Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi 2019

Styrktarforeldrar.....	8.494	(-425)
Barnaþorpsvinir.....	613	(-42)
Fjölskylduvinir.....	1.414	(+96)
<b>Samtals.....</b>	<b>10.521</b>	<b>(-371)</b>



Skipting framlaga til SOS Barnaþorpanna árið 2019.





## Mannúðar- og neyðarverkefni

SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Búast má við að umfang hörmunga í heiminum muni aukast enn frekar á næstu árum.

Með áratuga reynslu og öflugra stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja þá samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum.

SOS Barnaþorpin nýta þá þekkingu og reynslu sem þau hafa í hverju landi þegar veita þarf neyðar- eða mannúðaraðstoð. Samvinna við yfirvöld og önnur hjálparsamtök eins og Rauða krossinn, Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hefur einnig reynst vel og leitt til skilvirkari aðgerða. Neyðarverkefni og mannúðarverkefni eru meðal þátta sem við höfum haft tök á að styðja við vegna góðvildar almennings til SOS Barnaþorpanna.

**Flóttamannahjálpi í Kólumbíu vegna hamfaranna í Venesúela**

**Neyðaraðstoð í Bornohéraði í norð-austur Nígíeríu vegna stríðsátaka**

**Neyðaraðstoð í Laos í Suðaustur-Asíu vegna flóða**

**Flóttamannahjálpi í Írak**

**Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó**

**Átak hjá ungmennaheimili SOS í Gíneu sem gerir ungmennum kleift að sameinast foreldrum sínum á ný**

**Atvinnuefling ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi**

Stuðningur okkar nær líka til verkefna sem stuðla að framförum og eflingu á svæðum í nágrenni SOS barnaþorpa. Má þar nefna barnaheimili í Grikklandi og byggingu dvalarheimilis á Indlandi fyrir SOS mæður á eftirlaunum. Þeir styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem greiða frjáls framlög og valkröfur í heimabanka taka þátt í fjármögnun þessara verkefna.



## Öðruvísi jóladagatal

Metþátttaka var í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna sem nú var staðið fyrir fjórða árið í röð. Yfir 3.200 börn úr 58 grunnskólum landsins tóku þátt að þessu sinni.

Jóladagatalið er öðruvísi að því leyttinu til að í stað þess að börnin opni glugga og fái gjöf eða súkkulaðimola að launum þá leggjum við áherslu á fræðslu og að gefa af okkur. Í hverjum glugga leyndist stutt myndband þar sem nemendur gægdust inn í heim barna frá ýmsum löndum. Nemendur fengu tækifæri til að fræðast um aðstæður jafnaldra sinna sem búa annars staðar, fengu að

sjá hvað væri líkt og hvað væri ólíkt og gafst svo kostur á að ræða saman um innihald dagatalsins.

Nemendur fá tækifæri til að láta gott af sér leiða en samhliða dagatalinu gátu þeir unnið létt verk heima fyrir og fengið fyrir það smá aur að launum. Sumir nemendur söfnuðu dósnum og aðrir aðstoðuðu við heimilisverkin. Peningurinn sem safnaðist fer allur í fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna á Tulu Moye svæðinu í Eþíópíu en það verkefni gefur sárafátækum barnafjölskyldum tækifæri til að standa á eigin fótum til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra þeirra.

## Sólblómaleikskólar

Yfir 20 leikskólar víðsvegar um landið eru SOS Sólblómaleikskólar sem felst í því að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS barnaþorpi, eitt ákveðið barnaþorp eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Þá fá Sólblómaleikskólar tilbúið efni frá SOS Barnaþorpunum, til að mynda veggspjöld þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómfræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

SOS Barnaþorpin bjóða upp á kynningar í Sólblómaleikskólum (bæði fyrir börn og starfsfólk/foreldra) og geta einnig tekið þátt í hátíðum og söfnunum sem leikskólinn stendur fyrir. Sólblómaleikskólar halda Sólblómagleði einu sinni á ári og í maí fór sú skemmtun fram í Salnum í Kópavogi í lok maí. Um 200 börn úr sjö leikskólum á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í gleðinni. Leikhópurinn Lotta kom og skemmti börnunum með leik og söng en auk þess ferðuðumst við í huganum til Afríku, heyrðum sögur af börnum í SOS Barnaþorpum og gengum syngjandi um nágrenni Salarins veifandi litríkum blöðrum.



Yfir 3.200 börn úr 53 grunnskólum landsins tóku þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS.





## Fjármál SOS Barnabörpna 2019

Við getum ekki annað en verið ánægð með þær viðtökur sem velunnarar samtakanna hafa sýnt okkur. Við höldum kostnaðinum hér heima í lágmarki og tryggjum þannig að sem mest af söfnunarfé fari sannarlega í verkefni en ekki t.d. í falinn kostnað þeirra. Umsýslukostnaður var aðeins 15,8% af framlögum ársins. Innkoma til samtakanna á árinu var 667 milljónir króna. Opinber framlög jukust á milli ára um 50 milljónir króna og voru alls um 70 milljónir króna. Sem fyrr studdu einstaklingar og fyrirtæki myndarlega við bakið á samtökunum. SOS Barnabörpin fá hvorki rekstrarstyrk frá alþjóðasamtökum né íslenska ríkinu.

Með aðstoð gagnvirks landakorts Google er hægt að sjá hvernig framlög styrktarforeldra og barnabörpsvina dreifast en þannig getum við skýrt enn betur hvert fjárframlög til samtakanna fara. Hægt er að sjá framlög hvert ár fyrir sig á kortinu. Á þennan hátt viljum við auka gagnsæi fjármála hjá SOS Barnabörpunum því við gerum okkur grein fyrir því að fátt er mikilvægara en traust þegar kemur að góðgerðarstarfi.

Á fjármálasvæði heimasíðu okkar, [sos.is](http://sos.is), getur þú skoðað kortið og fundið þau 107 lönd sem við sendum framlög til og eins þau 427 barnabörp sem fá framlög frá okkur.

1 Hér hefur verið tekin með hækkun á hreinni eign til greiðslu hjálparstarfs en það er sá hluti af heilarframlagi ársins 2019 sem ekki hafði verið ráðstafað í verkefni eða annað hjálparstarf í árslok 2019.

### Rekstur og útgjöld

Í starfi samtaka eins og SOS Barnabörpna er rekstarkostnaður og getur hann oft gert það að verkum að framlag sem gefið var í góðri trú skili sér í lægra hlutfalli til hjálparstarfsins en væntingar þess voru sem lagði til framlagið.

Þess vegna viljum við taka skýrt fram í þessari ársskýrslu hvernig þessi hlutföll eru. Viðmið SOS eru að aldrei skili sér minna en 80% af hverju framlagi til styrkþega og er sá hlutur yfirleitt mun hærri. Hann var til að mynda 84,2% á árinu 2019 sem þýðir að 842 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi fara í framærslu og velferð þeirra barna sem við Íslendingar hjálpum, auk umsýslu og eftirlits með starfsemi barnabörpa. Við viljum ekki færa kostnað á milli verkefnaliða og allur launakostnaður er t.d. færður undir laun en ekki verkefni eða fjáröflun þótt hluti af launakostnaði gæti verið vegna verkefnis sem við störfum að erlendis.





Öll verkefni innanlands s.s. Sólblómaleikskólar og Öðruvísi Jóladaatal falla undir kynningarkostnað og færast því undir rekstrarkostnað skrifstofu. Verkefniskostnaður í bókhaldi SOS Barnabörpna er aðeins um þau framlög sem fara í verkefni erlendis.



# Fjármál SOS Barnaþorpanna árið 2019

Lykiltölur úr starfsemi samtakanna

<b>Tekjur</b>	<b>Gjöld</b>	<b>Framlag styrktarforeldra, Barnaþorpsvina og Fjölskylduvina</b>	<b>Framlög til annarra verkefna</b>
<b>667,3 m.kr</b>	<b>623,1 m.kr.</b>	<b>451,2 m.kr</b>	<b>103,7 m.kr</b>



Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni sos.is.





## SOS á Íslandi árið 2019

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 100 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi. Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa 6 manns í 5 stöðugildum. Auk þeirra koma tveir aðrir starfsmenn að starfseminni í hlutastarfi. Breytingar á starfsmannahaldi voru yfirvofandi undir lok ársins. Þorsteinn Arnórsson, fjármála- og fjáröflunarstjóri lét af störfum um áramótin og í nóvember var gengið frá ráðningu á Rakel Lind Hauksdóttur í hans stað.

### Starfsfólk (5,1 stöðugildi):

Ragnar Schram – framkvæmdastjóri  
Þorsteinn Arnórsson - fjármála- og fjáröflunarstjóri  
Hans Steinar Bjarnason - upplýsingafulltrúi  
Katrín Guðlaugsdóttir – þjónustufulltrúi  
Auður Ösp Gylfadóttir - þjónustufulltrúi  
Hjördís Rós Jónsdóttir - fræðslufulltrúi  
Þorsteinn Garðarsson – verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf  
Sigurlaug Halldórsdóttir - bókarí

### Stjórnarmeðlimir:

Kristján P. Davíðsson - formaður (til 2022)  
Ólafur Örn Ingólfsson (til 2020)  
María F. Rúriksdóttir (til 2021)

#### Varamenn:

Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir  
Hildur Hörn Daðadóttir

### Fulltrúaráð:

Inga Lind Karlsdóttir  
Tomasz Pór Veruson  
Ingibjartur Jónsson  
Claudie Ashonie Wilson  
Nichole Leigh Mosty  
Valur Hermannsson  
Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Gunnar Dofri Viðarsson  
Björgvin Franz Gíslason  
Valdís Póra Gunnarsdóttir  
Páll Stefánsson  
Auður Anna Pedersen  
Sigurður Pétursson

Ásgeir Páll Ágústsson

Margrét Rún Guðmundsdóttir

*Stjórnar- og fulltrúaráðsmeðlimir starfa að sjálfsögðu í sjálfböðavinnu.*

### Velgjörðarsendiherrar SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Eliza Reid

Vilborg Anna Gissurardóttir

Hera Björk Þórhallsdóttir

Rúrik Gíslason

### Ungmennaráð SOS

Ungmennaráð SOS er vettvangur fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára sem hefur áhuga á hjálparstarfi og réttindum barna. Það er í dag skipað mjög öflugum hópi fólks kringum tvítugsaldurinn. Ungmennaráðið er sjálfstæð eining sem starfar í nánu sambandi við starfsfólk SOS á Íslandi.

### Ungmennaráð SOS 2019-20

Birta Ýr Jónasdóttir

Gunnar Dofri Viðarsson - gjaldkeri

Jim Hólmsteinsson

Kornelía Pöll M. Bjarnadóttir - varaformaður

Lilja Helgadóttir - ritari

Petra Ísold Bjarnadóttir

Saga Rut Sunnevudóttir

Senía Guðmundsdóttir

Stefán Logi Baldursson

Sunna Líf Kristjánsdóttir - formaður



Svala var sjálfboðaliði í Nepal

## Pessi tími opnaði raunverulega augu mín fyrir mikilvægi hjálparstarfs.

Svala Davíðsdóttir, 19 ára frá Kópavogi, fór til Katmandú, höfuðborgar Nepal, í byrjun september og dvaldi þar hjá bróður sínum í nærri þrjú mánuði. Tíu SOS barnahólar eru í Nepal, þar af þrjú þorp við Katmandú og í þeim sinni Svala sjálfboðaliðastörfum meðan á dvöl hennar stóð. Svala leyfði Íslendingum að fylgjast með reynslu sinni á Instagram síðu SOS Barnahóla og gerði svo upp ferðina í pistli sem hún ritaði í fréttablað SOS.

### Aðstoðarkennsla og fimleikabjálfun

Þrjú ævintýralegir, þroskandi og gefandi mánuðir eru liðnir og þeir liðu svo hratt að ég trúi því varla að ég sé að kveðja Nepal. Mig hafði lengi dreymt um að fá að leggja hjálparstarfinu í SOS barnahólunum lið og ég var svo ótrúlega heppin að fá tækifæri til þess í haust.

Fyrsta mánuðinn var ég hluti af barnahólunni í Jorpati. Þar búa eingöngu börn sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar. Starf mitt fólst í því að aðstoða í kennslustofunni. Þaðan var förin heitið í barnahólunni í Sanohimi. Þar búa um 140 börn og þjálfaði ég þau í fimleikum. Þriðja og síðasta mánuðinn dvaldi ég í barnahólunni í Kavre. Starf mitt þar fólst í að aðstoða í skólanum og þjálfva börnin í fimleikum. Þorpin þrjú eru skammt frá höfuðborginni Katmandú.

### Menntun er ekki sjálfgefin

Öll þorpin eiga það sameiginlegt að vera full af góðhjörтуðu starfsfólki sem vill allt fyrir börnin gera svo þeim líði sem allra best. Ég kynntist yndislegum börnum sem ég á eftir að sakna.

Nepal er sárafátækt land. Þessi tími opnaði raunverulega augu mín fyrir mikilvægi hjálparstarfs. Börnin í SOS barnahólunum geta ekki búið hjá foreldrum sínum og eru ótrúlega lánsöm að fá að alast upp SOS barnahólunni. Þar fá þau tækifæri til að læra að lesa, skrifa og reikna auk fleiri námsgreina. Það er mikið lagt upp úr því að mennta þau svo að þau geti eignast betra líf. Menntun er ekki sjálfgefin í Nepal.

Ég er svo þakklát fyrir þetta tækifæri og óska þess af öllu hjarta að öll börn í heiminum megi búa við öryggi og mennta sig.

- Svala Davíðsdóttir -